

Reykhólahreppur
Bogi Kristinsson Magnusen
Marfutröð 5a
380 Reykhólahreppur



Reykjavík 3. maí 2016

UST201604-031/B.S.

10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Innstipollur í Flatey. Umsögn

Vísað er til bréfs Reykhólahrepps dags. 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Varðandi aðkomu að smábáthöfn telur Umhverfisstofnun að kanna eigi hvort betur færi á því að leggja veg milli ferjuhafnar og smábáthafnar norðan fjörunnar í stað þess að beina umferð um aðkomuveg að ferjuhöfn.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við hafnarsvæði. Hér er verið að nýta svæði sem þegar hefur verið raskað vegna sambærilegra framkvæmda. Umhverfisstofnun telur jákvætt að í deiliskipulagi sé lögð áhersla á að frágangur skuli vera til fyrirmynadar.

Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á mannvirkjagerð við höfnina á Arnarstapa sem stofnunin telur til fyrirmynadar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur